

Reykjavík, 11. september 2019
1905154/0.5.2.2/jjh

Dreifibréf embættis landlæknis Nr. 3/2019

Tilkynning frá sóttvarnalækni

Efni: Bólusetning gegn árlegri influensu

Pantanir á influensubóluefni fyrir veturinn 2019/2020 munu hefjast hjá Parlogis 16.9.2019. Bóluefnið sem notað verður samkvæmt samningi sóttvarnalæknis við Icepharma frá 2017 er [Influvac](#) og inniheldur þrjá stofna influensu:

- A/Brisbane/02/2018 (H1N1)pdm09 - líkan stofn
- A/Kansas/14/2017 (H3N2) - líkan stofn
- B/Colorado/06/2017- líkan stofn

Dreifing bóluefnisins er ákvörðuð af sóttvarnalækni og miðast við dreifingu veturinn 2018/2019 þar sem áhersla var lögð á bólusetningu áhættuhópa.

Afhending er ókeypis frá seljanda til kaupenda hjá Parlogis ehf., (þ.m.t. í Kópavogi, Hafnarfirði, Mosfellsbæ, Garðabæ, Álftanesi og Seltjarnarnesi) og á pósthús eða viðeigandi flutningamiðstöð til kaupenda utan fyrrgreinds svæðis. Verð bóluefnisins er **512 kr. m/vsk.**

Sóttvarnalæknir mælist til að eftirtaldir áhættuhópar njóti forgangs við influensubólusetningar:

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri.
- Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.
- Barnshafandi konur.
- Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan.

Sóttvarnalæknir mælist til þess að ofangreindir forgangshópar fái bóluefnið sér að kostnaðarlausu en til að svo megi verða þarf einungis að krefja þessa einstaklinga um greiðslu fyrir umsýslukostnaði.

Sóttvarnalæknir endurgreiðir innkaupsverð bóluefnisins fyrir þessa forgangshópa (ekki umsýslukostnað) en þá þarf að senda reikning til embættis landlæknis **fyrir 1. júní 2020** og á honum þarf að koma fram:

- Númer reiknings, nafn stofnunar, fjöldi skammta og einingarverð bóluefnis.
- **Rafrænt** fylgiskjal (excel) þarf að senda samhliða reikningi til sóttvarnalæknis með:
Kennitölum hinna bólusettu, dagsetningu bólusetninga, nafni bóluefnis og hvaða áhættuhópi einstaklingarnir tilheyra.

Ath. að reikningar sem ekki uppfylla ofangreindar kröfur verða ekki afgreiddir.

Nánari upplýsingar gefur Júlíana Héðinsdóttir aðstoðarmaður sóttvarnalæknis
(juliana@landlaeknir.is) s. 510-1900.

Sóttvarnalæknir